

Skýrsla Hjálmanefndar

40.Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland Færeyjar
9. til 12. september 2010

Í nefndinni starfa
Guðm Oddgeir Heklu
Helgi Straumfjörð Kötlu

Í lok maí gaf Eimskip og Kiwanishreifingin öllum nemendum í 1. bekk í grunnskólum landsins reiðhjólaljálma. Þetta er í sjöunda skiptið sem félögin standa að þessu verkefni en það er farið að telja vel á þriðja tug þúsunda hjálma sem hafa verið afhentir. Alls voru um 4.300 reiðhjólaljálum dreift í um 160 skóla kringum landi, heildarverðmæti verkefnisins er um 25 milljónir kr.

Verkefnið nýtur einnig ráðgjafar og stuðnings Herdísar Storgaard, sem er forstöðumaður hjá Forvarnarhúsinu.

Nemendur í 1. bekk í Hólabrekkuskóla, Rimaskóla. Háteigsskóla og Hlíðaskóla voru fyrstu börnin til að fá afhenta reiðhjólaljálma í ár með útihátíð á athafnarsvæði Eimskipa við Klettagarða. Hljómsveitin Pollapönk spilaði nokkur lög og afhentu síðan hjálmana ásamt Mattasi G. Péturssyni fráfarandi umdæmisstjóra.

Sá háttur sem verið hefur að virkja Svæðisstjóra sem tengilið við klúbba hefur gengið vel og mun ég óska eftir góðu samstarfi við komandi Svæðisstjóra.

Aðferðir klúbba við afhendingu hjálmana hefur verið mismunandi. Og má þar nefna kirkjur, útihátíðir, íþróttahúsum og skólastofum.

Ekki má gleima fræðslunni til barnanna um notkun hjálmana og þar eiga margir klúbbar mjög vel hæfa einstaklinga til að fræða börnin eða fá lögreglu og eða hjúkrunarfræðing skólans til að annas það.

En síðast en ekki síst ber að þakka samstarf við klúbbana og fyrrum félagi í Korra í Ólafsvík og Smyrils í Borgarnesi.

Guðmundur Oddgeir
Helgi Straumfjörð